



2019 - 2020

Menningarfélag Akureyrar



Velkomin í Hof og Samkomu-
húsið í vetur. Í þessum bæklingi
kynnir Menningarfélag Akureyr-
ar fimmta starfsár sitt. Lögð er
áhersla á vandaða og kraftmikla
dagskrá sem hentar fjölbreytt-
um hópi gesta. Andrík verk eldri
meistara verða tekin fyrir í bland
við ferska og frjóa strauma sem
veita áhorfendum ógleymanlega
upplifun. Verkefnaval vetrarins
endurspeglar eldmóð og hug-
myndaauðgi starfsfólks félagsins
og sá eldmóður skilar lifsgæðum
til samfélagsins og gerir það inni-
haldsríkt og aðlaðandi.

Menningarfélag Akureyrar sinnir hlut-
verki sínu sem mættarstólpi menn-
ingarlífs á Norðurlandi af alúð og stolti.
Þegar fjárframlög til félagsins úr ríkis-
sjóði eru borin saman við fjárframlög
hljóðstæðra stofnana má segja að af-
köst félagsins séu í raun undraverð.

Menningarfélag Akureyrar rekur Leik-
félag Akureyrar, Menningarhúsið Hof
og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
fyrir 4% af því fjármagni sem sambærile-
gar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu
fá úr ríkissjóði. Þessi aðstöðumunur
er sláandi og í hrópandi ósamræmi
við mikilvægi stofnananna og þjón-
ustusvæði þeirra en sé það tekið með
í reikninginn ætti Menningarfélag
Akureyrar að fá 10% af framlögum
til sambærilegra stofnana á höfuð-
borgarsvæðinu. Menning og listir
eru grundvöllur blómlegra samfé-
laga. Í gegnum skapandi starf þróast
hæfileikar, hugvit og nýsköpun sem
hafa jákvæð áhrif á bæði mannlíf og
efnahag. Það er mikilvægt að þessi
aðstöðumunur sé jafnaður.

Þuríður Helga Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri

Öflugt mannlíf og menningar-
starfsemi er nauðsynleg næring
til þess að samfélög geti þrífist,
dafnað og blómgastr. Flest viljum
við búa í samfélagi þar sem slíkt er
til staðar, menningarlegt uppeldi
er fyrir hendi og fjölbreytt listalíf
sem snertir strengi. Menningar-
félag Akureyrar leggur áherslu á
samstarf við listafólk, grasróttina,
aðrar menningarstofnanir og við-
burðahaldara til þess að bjóða
uppá slík tækifæri.

Styrkþegar listsjóðsins VERÐANDI
koma fram í Hofi með eigin listvið-
burði. Sjóðnum er ætlað að gera ungu
listafólki og listafólki utan stofnana
kleift að koma sér á framfæri í menn-
ingarhúsinu okkar og styrkja það í list
sinni. Það er mikilvægur hluti starf-
semi okkar.

Barnamorgnar eru fjölbreyttir að
vanda en þar fær yngsta kynslóðin
tækifæri til að upplifa og taka þátt.
Ánægjulegt er að geta boðið uppá
tónleikaröðina Af fingrum fram með
Jóni Ólafssyni og gestum hans sem
eykur enn á úrval nærandi viðburða
vetrarins. Margir gestkomandi taka
á okkur hús og eru þar með hluti af
litríki og fjölbreyttri dagskrá í Hofi.
Gestalistinn á eftir að lengjast og
því mikilvægt að fylgjast vel með á
heimasiðu okkar.

Komdu og upplíðu forvitnilegar, fræð-
andi og nærandi stundir í Hofi.

Njótum saman.

Kristín Sóley Björnsdóttir
viðburðastjóri

**Leikár Leikfélags Akureyrar er til-
einkað æskunni. Það er metnað-
ur okkar að fá ungu kynslóðina í
leikhús þar sem hún getur skoðað
sjálfa sig í nútíð og fortíð í fagleg-
um og áhugaverðum sýningum
sem auka skilning á mannlegum
breyskleika.**

Allar sýningar okkar eru ýmist um
ungt fólk, fyrir ungt fólk eða leiknar
af ungu fólki. Við fáum innsýn inn í líf
unglinga á Akureyri árið 2019 sem og
líf unginga í Vín árið 1890. Við gleð-
jum yngstu kynslóðina með ævin-
týrasýningu um menningararfinn og
leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar,
þar sem öll grunnskólabörn eru vel-
komin til leiks, heldur áfram sínu öfl-
uga starfi.

Einu sinni erum við öll börn og æsk-
unnar raunir, vonir og þrjár höfða til
okkar allra. Við erum stolt af því að
setja unga fólk í fyrsta sæti og bjóð-
um ykkur hjartanlega velkomin í leik-
húsið.

Marta Nordal
leikhússtjóri

Þriðja árið í röð frjósa vetur og
sumar saman hjá Sinfóníuhljóm-
sveit Norðurlands. Starfsemin
nær því til alls ársins en einskorð-
ast ekki bara við vetrardagskrá.
Í sumar hefur hljómsveitin leikið
fyrir gesti á alþjóðlegri ráðstefnu í
Eldborg og hljóðritað fyrir heims-
þekktu náttúrulífsseríu, þáttaröð
fyrir börn og eldheita tangóplötu.
Næstu misseri er einnig ýmislegt í
farvatninu og vetrardagskráin tel-
ur nú þegar 13 viðburði. Í júní verð-
ur efnt til samstarfs við Íslenska
dansflokkinn og í ágúst mun SN
taka þátt í einum stærsta sin-
fóníska tónlistarviðburði ársins.
Þessi fjöldi verkefna er afkastur
vinnu starfsfólks sem stöðugt er á
þönnum að leita að samstarfs-
og þjónustuverkefnum fyrir hljóm-
sveitina.

Sá stakkur sem hið opinbera hef-
ur sniðið starfsemi SN er fyrir löngu
orðinn of þröngur. Það er tímabært
að hið opinbera geri bragarbót á svo
unnt sé að hafa þá starfsemi sem
samfélagið á skilið og kallar eftir eins
og sjá má af tónleikasókn síðustu
ára. SN á að standa sem kyndilberi
sinfónískrar tónlistar utan höfuð-
borgarsvæðisins með reglulegu tón-
leikahaldi, skólatónleikum og annarri
starfsemi sem miðar að því að gera
sem flestum kleift að njóta göðrar
tónlistar. Það verður ekki gert með
því að byggja starfsemina á því að
grípa bara þær gæsir sem gefast.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
tónlistarstjóri



frumsýning



í ágúst

LEIKFÉLAG UNGA FÓLKSINS

Leikarar:

Elva Sól Káradóttir
Emma Ósk Baldursdóttir
Malín Marta Ægisdóttir
Molly Mitchell
Sigríður Erla Ómarsdóttir
Sóldís Anna Jónsdóttir
Þorbjörg Þóroddsdóttir

Leikstjórn:

Vala Fannell

Lýsing:

Ólafur Ingi Sigurðsson

Myndband:

Tjörvi Jónsson

fml

fokk mæ læf

Leikfélag unga fólksins er nýtt atvinnuleikhús á Akureyri fyrir ungt fólk á aldrinum 13–16 ára þar sem það fær tækifæri til að vinna í faglegu umhverfi og segja sögur úr sínum raunveruleika.

Verkið sem tekið verður fyrir í sumar fjallar um þær margslungnu hindranir og áskoranir sem móta sjálfsmynd unglingsáranna eins og t.d. einelti, vináttu, ástina, kvíða, líkamsmynd, kynvitund, samfélagsmiðla og almenn samskipti við jafningja sem og fullorðna.

Hvernig er að vera stelpa á aldrinum 13–16 ára í dag?

Miðaverð 3.500

Fritt fyrir 16 ára og yngri



22. september



29. september í Hörpu

LÓI - ÞÚ FLÝGUR ALDREI EINN

HLJÓMLEIKABÍÓ

Leikstjórn:

Árni Ólafur Ásgeirsson

Handrit:

Fríðrik Erlingsson

Höfundur tónlistar:

Atli Örvarsson

Hljómsveitarstjóri:

Atli Örvarsson

Sinfóníuhljómsveit

Norðurlands

Sérstakur gestur:

Högni Egilsson

Á tónleikunum verður teiknimyndin **LÓI – Þú flýgur aldrei einn** sýnd í lifandi flutningi kvikmyndahljómsveitar Íslands, SN/SinfoniaNord, hljómsveitarinnar sem hljóðritaði margrómaða kvikmyndatónlist **Atla Örvarssonar** við þessa vinsælu teiknimynd.

Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, verður sérstakur gestur og syngur eitt lag úr myndinni. Fjölskyldutónleikar sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af.

Samvinnuverkefni Menningarfélags Akureyrar, RIFF, Saga Film, GunHill og menningarbrúar Hofs og Hörpu.

Alvöru íslenskt hljómleikabíó fyrir alla fjölskylduna.

Miðaverð 4.900

Áskriftarkortsverð 3.430

Ungmennakort 2.450



Munið eftir
stóru
Þjóðsagna-
samkeppniinni

YEDRASILL

frumsýning



5. október

Höfundar:

Leikhópurinn Umskiptingar

Leikstjórn:

Agnes Wild

Leikarar:

Hjalti Rúnar Jónsson
Jenný Lára Arnórsdóttir
Jóhann Axel Ingólfsson
Margrét Sverrisdóttir
Sesselía Ólafsdóttir
Vilhjálmur B. Bragason

Tónlist:

Vandræðaskáld

Leikmynd og búningar:

Auður Ösp Guðmundsdóttir

Sviðshreyfingar:

Katrín Mist Haraldsdóttir

Lýsing:

Lárus Heiðar Jónsson

Hljóð:

Gunnar Sigurbjörnsson

GALDRAGÁTTIN

OG ÞJÓÐSAGAN SEM GLEYMDIST

Í Hringvallaskóla opnast fyrir algjöra slyzni gátt inn í heim íslenskra þjóðsagna. Saklausum sjöundabekking, Jóni Árnasyni, er í kjölfarið rænt af Húmskollunni skelfilegu svo bekkjarsystkini hans, þau Sóley og Bjartur, leggja upp í háskaför honum til bjargar. Við tekur æsispennandi atburðarás þar sem hinar ýmsu kynja-verur íslenskra þjóðsagna koma fyrir; Nykur, Skoffin og Skuggabaldur ásamt fleirum. Ná þau að bjarga Jóni Árnasyni? Hver á augun í myrkrinu? Er einhver leið að komast lifandi aftur til mannheima?

Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist er nýtt íslenskt leikrit fyrir alla fjölskylduna úr smiðju Umskiptinga. Leikstjórn er í höndum Agnesar Wild og lífleg tónlistin úr smiðju hinna norðlensku Vandræðaskálda. Verkefnið hlaut styrk Leiklistarráðs og listamannalaun og er unnið í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar.

Leikhópurinn Umskiptingar hlaut tilnefningu til Grimunnar sem Sproti ársins árið 2018. Þetta er fyrsta fjölskyldusýning Umskiptinga.

Ný íslensk og æsispennandi fjölskyldusýning sem sýnir kunnuglegar og áður óþekktar þjóðsagnapersónur á nýstárlegan og skemmtilegan hátt.

Miðaverð 4.900

Áskriftarkortsverð 3.430

Ungmennakort 2.450



19. október



ANDREA GYLFADÓTTIR OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

SÉRSTAKUR GESTUR PHILLIP DOYLE

Útsetningar/
Hljómsveitarstjóri:
Kjartan Valdemarsson

Söngur:
Andrea Gylfadóttir

Saxófónn:
Phillip Doyle

Sinfóníuhljómsveit
Norðurlands

Söngdrottningin Andrea Gylfadóttir og bandaríski saxófónsnillingurinn Phillip Doyle, ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, flytja frábær lög úr kvikmyndum á borð við Goldfinger, Smile og Calling you. Um framhald á bíóbandspema Andreu til margra ára er að ræða sem og vinsælum tónleikum hennar með Doyle í Hofi. Meistarar á borð við Einar Scheving, Pálma Gunnarsson og Kristján Edelstein ganga til liðs við SN á þessum spennandi tónleikum en Kjartan Valdemarsson hefur útsett lögin og verður hljómsveitarstjóri á þessum sérstöku sinfóníutónleikum.

Jazzskotið bíópema með nokkrum af okkar færustu
tónlistarmönnum í Hofi í október.

Miðaverð 7.900

Áskriftarkortsverð 5.530

Ungmennakortsverð 3.950



24. nóvember



SVANAVATNIÐ

Aðaldansarar:

Elizaveta Bogutskaya
Aleksandr Abaturov
Nikita Moskalets
Irina Khandazhevskaya

Hljómsveitarstjóri:

Vadim Nikitin

Listrænn stjórnandi:

Sergey Smirnov

Höfundur:

Piotr Tchaikovsky

St. Petersburg Festival Ballet

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Hátíðarballettinn frá Pétursborg flytur Svanavatnið ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hamraborg í Hofi.

Verkið er samið við tónlist hins vinsæla tónskálds Piotr Tchaikovsky og hefur um aldir haft geysilegt aðdráttarafl. Svanavatnið sameinar tónlist Tchaikovsky, áhrifamikla ástarsögu og líkamstjáningu sem kallar fram það stórbrotna sem dansararnir hafa fram að færa.

Pétursborg er upprunastaður hins rómaða rússneska balletts sem er innblásinn af Marius Petipa á 20. öldinni. Hátíðarballettinn frá Pétursborg var stofnaður árið 2009 til að endurspeglar bestu hefðir og anda Pétursborgarballettsins í sýningarferðum um Evrópu og allan heim. Glæsileiki, þokki og yndislegur léttleiki er það sem einkennir Hátíðarballett Pétursborgar, ásamt ferskum innblæstri frá tuttugustu og fyrstu öldinni, en hann býður upp á fullkomna danssýningu prýdda konunglegum búningum og sviðsmynd. Sviðsmynd og búningar eru eftir hinn heimsþekktu Vyacheslav Okunev sem starfað hefur í þekktustu húsum heims, svo sem Bolshoi Theatre, Mariinsky Theatre og La Scala. Á síðustu fimm árum hefur Hátíðarballett Pétursborgar dansað við frábærar undirtektir á stærstu sviðum Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi, Austurríki, Svíþjóð, Póllandi, Finnlandi, Tékklandi, Ungverjalandi, Króatíu og Slóvakíu, og á Ítalíu og Íslandi.

Menningarbrú Hofa og Hörpu gerir komu rússneska ballettsins að möguleika. Svanavatnið verður flutt í Hörpu í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Ein ástsælasta listdanssýning allra tíma sem höfðar
til allra aldurshópa.**

Miðaverð 8.900

Áskriftarkortsverð 6.230

Ungmennakortsverð 4.450



frumsýning
31. janúar



Leikstjórn:
Marta Nordal

Tónlistarstjórn:
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Leikmynd og búningar:
Auður Ösp Guðmundsdóttir

Danshöfundur:
Lee Proud

Lýsing:
Ólafur Ágúst Stefánsson

Hljóð:
Gunnar Sigurbjörnsson

Sýningarstjórn:
Þórunn Geirsdóttir

Þýðing:
Salka Guðmundsdóttir

Leikarar:
Ahd Tamini
Ari Orrason
Árni Beinteinn Árnason
Bjarklind Ásta Brynjólfsdóttir
Edda Björg Eyjólfsdóttir
Eik Haraldsdóttir
Jónína Björt Gunnarsdóttir
Júlí Heiðar Halldórsson
Rúnar Kristinn Rúnarsson
Viktória Sigurðardóttir
Þorsteinn Bachmann
Þórdís Björk Þorfinnsdóttir

VORIÐ VAKNAR

Hinn vinsæli söngleikur Vorið vaknar er byggður á samnefndu þýsku leikriti frá 1891 eftir Frank Wedekind og fjallar um líf og tilfinningarót unglunga í afturhaldssömu og þröngsýnu samfélagi 19. aldarinnar sem leyfir engin frávik frá hinu viðtekna. Vinunum Melchior, Moritz og Wendlu gengur misvel að fóta sig í harðneskjulegum heimi fullorðna fólksins og verða ýmist fórnarlömb eða sigurvegarar. Vorið vaknar fjallar um fyrstu kynlífsreynsluna, skólakerfið, kvíða og frelsisþrá þar sem tilfinningum krakkanna er fundinn farvegur í melódískri rokktonlist sem endurspeglar innra líf þeirra. Uppfærsla söngleiksins á Broadway árið 2006 hlaut átta Tony-verðlaun, þar á meðal sem besti nýi söngleikurinn. Uppsetningin hlaut þar að auki fjölda annarra verðlauna og tilnefninga og hefur farið sigurför um heiminn. Vorið vaknar er nú sett upp í fyrsta sinn í atvinnuleikhúsi á Íslandi.

“SPRING AWAKENING”

Eftir Steven Slater og Duncan Sheik. Flutt með leyfi Nordiska APS Copenhagen

Áhrifamikil saga og geggjuð rokktonlist. Margverðlaunaður söngleikur um ástir og raunir unglunga á 19. öld. Verk sem hefur slegið í gegn um allan heim.

Miðaverð 8.500

Áskriftarkortsverð 5.950

Ungmennakort 4.250



sýnt í 
febrúar

DJÁKNINN Á MYRKÁ

SAGAN SEM ALDREI VAR SÖGD

Leikstjórn:
Agnes Wild

Leikmynd og búningar:
Eva Björg Harðardóttir

Tónlist:
Sigrún Harðardóttir

Leikarar:
Jóhann Axel Ingólfsson
Birna Pétursdóttir

Lýsing:
Lárus Heiðar Sveinsson

Hljóð:
Gunnar Slgurbjörnsson

„Við erum stödd í gamla daga, nánar tiltekið fyrir löngu síðan.“

Vegna mikilla vinsælda snýr þessi sprenglægilega og farsakennda meðhöndlun á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar aftur.

Leikararnir Jóhann og Birna draga fram hverja persónuna á fætur annarri, lesa á milli línanna og skálda í eyðurnar.

Samstarf Leikhópsins Miðnætti við Leikfélag Akureyrar.

Hryllilegt gamanverk fyrir alla fjölskylduna, byggt á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar, sem fær áhorfendur til að veltast um af hlátri.

Miðaverð 3.900

Áskriftarkortsverð 2.730

Ungmennakortsverð 1.950



9. apríl Hofi 
11. apríl Langholtskirkju

BJARNI FRÍMANN STJÓRNAR NÍUNDU SINFÓNÍU BEETHOVENS

Hljómsveitarstjóri:
Bjarni Frímann Bjarnason

Einleikari:
Guðný Guðmundsdóttir

Höfundar tónlistar:
Ludwig van Beethoven
John Speight

Sinfóníuhljómsveit
Norðurlands

Það verður mikið um dýrðir eins og venjulega hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands um páskana. Tónleikar á Akureyri og í Reykjavík þar sem hljómsveitin frumflytur nýjan fiðlukonsert, "Concerto for violin and orchestra", sem John Speight samdi sérstaklega fyrir Guðnýju Guðmundsdóttur, fyrrum konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í tilefni 250 ára afmælis Beethovens flytur hljómsveitin eitt af hans höfuðverkum, níundu sinfóníuna.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ásamt sameinuðum kór Söngsveitarinnar Filharmoníu, Kammerkór Norðurlands og einvalaliði stórsöngvara.

Óður til gleðinnar og frumflutningur um páskana.

Miðaverð 7.900

Áskriftarkortsverð 5.530

Ungmennakortsverð 3.950



Fritzsche

Hof-Glashandel
Magerstrø 14



LITLAMPE

Fortærer Tobaksrøg

faa Elektricitet

icitetsværk

CO-LIGHT

ikke at ofre en Formue
kostbar Stikledning!

„Det er altsaa betydelig
billigere end Højspænding,
formentlig kun halvt
saa dyrt, Jertil kommer,
at et Barn kan passe det.

Forpagter Saurbrey,
Sprettingegaard.




„Jeg er glad ved, at jeg
besluttede mig til at købe
DELCO-LIGHT, og vilde
foretrække dette, selv om
jeg kunde faa en Højspændings
Stikledning indlagt gratis paa min
Gaard“.

Propri. O. Rasmussen,
Havmosegaard.

ngvardsen

RETNING Vestervoldg 14, Kbhvn B
TELEF: 12526



JOH. SVENDSEN: Fest-Polonaise.

Efter Pausen:

EDV. GRIEG: Marsch af „Sigurd Jorsalfar“.

Glashus 185. 1932 - (Vilm I. 50.

Af Borgslægtens Historie

(I. Del)

Skuespil i 7 Akter efter den islandske Digter Gunnar

Gunnarssons berømte Roman-Cyclus af samme Navn.

Tilrettelagt for Filmen og iscenesat af GUNNAR SOMMERFELDT

HOVEDPERSONERNE:

Ørlygur, Kongen paa Borg.....	Frederik Jacobsen
Ormarr } hans Sønner	Gudmundur Thorsteinsson (Debut)
Ketill }	GUNNAR SOMMERFELDT
Runa, hans Plejedatter	Ingeborg Spangsfeldt
Kaptejn Janzen	Bertel Krause
Professor Grahl	Victor Neumann
Vivild, Bankdirektør	Philip Bech
Alma, hans Datter	Inge Sommerfeldt

Handlingen foregaar dels paa Island — dels i København.

Officin: Akts. Nordisk Films-Kompagni.

Musiken (der hovedsagelig bestaar af islandske Folkemusik) arrangeret og ledet
af Kapelmester STEEN JENSEN

21.10.553x

3. maí



10. maí Harpa

SAGA BORGARÆTTARINNAR

Saga Borgarættarinnar er fyrsta leikna kvikmyndin sem tekin var upp héraðs og markar því upphaf kvikmyndagerðar á Íslandi.

Nordisk Film Kompagni í Danmörku gerði myndina eftir skáldsögu Gunnars Gunnarssonar og kom til Íslands í ágúst 1919 með kvikmyndatökulið og danska leikara í helstu hlutverk. Aðalhlutverkið var í höndum Guðmundar Thorsteinssonar (Muggs) en auk hans lék fjöldi Íslendinga í myndinni sem var tekin upp á Rangárvöllum og í Borgarfirði, Reykjavík og Hafnarfirði. Kvikmyndin varð rúmlega þriggja tíma löng og sú dýrasta sem gerð hafði verið á Norðurlöndum þegar hún var frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920.

Í tilefni aldarafmælis Sögu Borgarættarinnar hefur Kvikmyndasafn Íslands unnið stafræna endurgerð upp úr bestu finnanlegu eintökum af myndinni. Þórður Magnússon tónskáld var fenginn til að semja nýja tónlist við myndina sem verður frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á frumsýningu hinnar nýju endurgerðar í Hofi vorið 2020.

Samstarf Kvikmyndasafns Íslands, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri.

Höfundur tónlistar:
Þórður Magnússon

Stjórnandi:
Petri Sakari

Sinfóníuhljómsveit
Norðurlands

Háklasa hljómleikabíó, menningararfur og frumsköpun.
Frumflutningur í Hofi.

Miðaverð 7.900

Áskriftarkortsverð 5.530

Ungmennakortsverð 3.950

GESTASÝNINGAR ÁRSINS

ALLT SEM ER FRÁBÆRT
GLEÐILEIKUR UM DEPURÐ



Sýningin var tilnefnd til þrenna Grimuverðlauna árið 2019; sýning ársins, Ólafur Egill Egilsson sem leikstjóri ársins og Valur Freyr Einarsson sem leikari ársins í aðalhlutverki.

Gestasýning Borgarleikhússins.



Miðaverð 5.900
Áskriftarkortsverð 4.130
Ungmennakortsverð 2.950

Sýnt í
október

ÖR
(EÐA MAÐURINN ER EINA DÝRIÐ SEM GRÆTUR)



„Ég er að skrifa gegn myrkrinu í heiminum,“ sagði Auður Ava Ólafsdóttir þegar hún hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2018 fyrir skáldsöguna Ör, sem kom út 2016.

Gestasýning Þjóðleikhússins



Miðaverð 5.900
Áskriftarkortsverð 4.130
Ungmennakortsverð 2.950

Sýnt í
nóvember

DIMMALIMM

ÁSTSÆLASTA ÆVINTÝRI ÞJÓÐARINNAR



Sagan er eftir listamanninn Mugg frá Bildudal. Ævintýrið fjallar um prinsessuna Dimmalimm sem eignast góðan vin sem er stór og fallegur svanur. En eins og í öllum góðum sögum þá gerist eitthvað óvænt og ævintýralegt.

Gestasýning Kómedíuleikhússins.



Miðaverð 2.900
Áskriftarkortsverð 2.030
Ungmennakortsverð 1.450

19. janúar
kl. 11.00

GESTASÝNINGAR ÁRSINS

**Borgarleikhúsið býður
Norðlendingum upp á einleikinn
Allt sem er frábært, Þjóðleikhúsið
heimsækir okkur með sýninguna
Ör (Eða Maðurinn er eina dýrið
sem grætur) og Kómedíuleikhúsið
mætir með eitt ástsælasta ævin-
týri þjóðarinnar, Dimmalimm.**

Nánari upplýsingar um sýningarnar
eru á mak.is

ÁSKRIFTARKORT

2019 - 2020

ÁSKRIFTARKORT 30% AFSLÁTTUR

Þú velur þér fjóra eða fleiri viðburði og færð 30% afslátt af miðaverði auk þess að tryggja þér öruggt sæti í vetur.

Sölu áskriftarkorta lýkur 31. október

UNGMENNAKORT 50% AFSLÁTTUR

25 ára og yngri býðst áskriftarkort með tveimur til fjórum viðburðum á 50% afslætti.

Ungmennakort eru til sölu allt starfsárið.

ELDRI BORGARAR / ÖRYRKJAR

Eldri borgurum og öryrkjum býðst áskriftarkort með tveimur til fjórum viðburðum á 30% afslætti.

Ungmenni, eldri borgarar og öryrkjar fá 15% afslátt allt árið.

GJAFAKORT gefðu upplifun

Gjafakortið er einstök gjöf sem gildir á alla viðburði Menningarfélagsins, í versluninni Kistu og á veitingastaðnum í Hofi.

Áskriftarkort Menningarfélagsins fást í miðasölunni í Hofi, í síma 450-1000 og á mak.is

Miðasala er opin virka daga kl. 13-18 og allan sólarhringinn á mak.is

MYNDLISTASÝNINGAR Í HOFI

2019 – 2020

Halldór Ragnarsson

2. nóvember 2019 – 1. janúar 2020

Bórunn Bára Björnsdóttir

11. janúar 2020 – 16. febrúar 2020

Erwin van der Werve

29. febrúar 2020 – 5. apríl 2020


Barnamenningarhátíð

11. apríl 2020 – 10. maí 2020

Börgunnur Oddsdóttir

23. maí 2020 – 23. maí 2020







AF FINGRUM FRAM

SPJALLTÓNLEIKARÖÐ JÓNS ÓLAFSSONAR

Þessi vinsæla
spjalltónleikaröð
Jóns Ólafssonar er nú loksins
aftur fyrir norðan.

Ragga Gísla | Af fingrum fram
2. nóvember 2019

Sigríður Thorlacíus | Af fingrum fram
22. febrúar 2020

Valdimar | Af fingrum fram
7. mars 2020

Jónas Sig | Af fingrum fram
4. apríl 2020

Menningarfélag Akureyrar í samvinnu við Dægurfluguna

Allir viðburðir kl. 20:00 | nánari upplýsingar á mak.is

Hugljúf laugardagskvöld þar sem ástsælt tónlistarfólk
spjallar við Jón Ólafsson á þessari vinsælu tónleikaröð.

*Miðaverð 5.900
20% afsláttur í forsölu
til 15. sept.*

1. mars



MAXIMÚS HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Sögumaður:

Almar Blær Sigurjónsson

Stjórnandi:

Hallfríður Ólafsdóttir

Höfundur tónlistar:

Hallfríður Ólafsdóttir

Sinfóníuhljómsveit
Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit
Austurlands

Nú verður gaman, því Maximús Músíkús heldur í tónleikaferð um Norður- og Austurland. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sinfóníuhljómsveit Austurlands leiða saman hesta sína undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur, höfundar Maximúsar. Sögumaður er Almar Blær Sigurjónsson leikari.

Fjölskyldutónleikar með tónelsku músíkúsinni Maximús Músíkús á Norður- og Austurlandi



Ógleymanleg fjölskyldustund með tónelsku músinni sem hefur glatt börn og fjölskyldur um allan heim.

Miðaverð 3.900

Fritt fyrir 6 ára og yngri

SPROTAVERKEFNI SINFÓNÍU- HLJÓMSVEITAR NORÐURLANDS HEITA SINFONIANORD

Tilgangur verkefnisins er að skapa hljóðfæraleikurum SN aukin atvinnutækifæri. Undir verkefnið falla upptökur á alþjóðlegri kvikmyndatónlist í Hofi og þjónustuverkefni þar sem hljómsveitin veitir sinfóníska þjónustu til þriðja aðila. Verkefnið hefur verið starfrækt síðan 2015 og hefur nú þegar verið hljóðrituð kvikmyndatónlist fyrir Netflix, BBC, Sony og History Channel svo eitthvað sé nefnt. Undir þjónustuverkefni falla verkefni eins og Lord of the Rings, þar sem kvikmyndirnar þrjár eru sýndar við lifandi undirleik 230 tónlistarmanna og söngleikir á borð við Phantom of the Opera og War of The Worlds, auk undirleiks á tónleikum listamanna úr öðrum geirum tónlistarinnar. Söngleikurinn EVITA í Eldborg 15. nóvember 2019 er dæmi um þjónustuverkefni þar hljóðfæraleikarar með samning við SN eru ráðnir.

Sprotaverkefnið SinfoniaNord hlaut nýsköpunarverðlaun Akureyrar 2017 ásamt Atla Örvarssyni og var valið átaksverkefni sóknaráætlunar Eypings 2018.

Skóðu fjölbreytta og alþjóðlega starfsemi SinfoniaNord á www.sinfonianord.is



BARNAMORGNAR Í HOFI

Töfrar kvikmyndatónlistar Lói – Þú flýgur aldrei einn

Leiðbeinandi:
Andrea Gylfadóttir



Sunnudaginn
22. september
kl. 11

Viltu kynnast mikilvægi tónlistar í kvikmyndum og hvernig blæbrigði tóna skapa persónur og skipta máli í framvindu myndar? Andrea Gylfadóttir, tónlistarkennari og söngkona, leiðir börnin inni undraheim tónlistar og fer með þau í heimsókn á æfingu Sinfónihljómsveitar Norðurlands sem undibýr sig fyrir biótónleika fyrir alla fjölskylduna síðar þennan sama dag.

Galdragáttin og Þjóðsagan sem gleymdist

Leiðbeinendur:
Leikhópurinn Umskiptingar



Sunnudaginn
13. október
kl. 11

Umskiptingar bjóða í ævintýrlegt ferðalag um þjóðsagnaarf okkar Íslendinga. Lesnar verða sögur, búin til leikrit, sungnir söngvar og sprellað. Þjóðsagnapersónur úr barnasýningunni Galdragáttin og Þjóðsagan sem gleymdist mæta á svæðið. Komdu og vertu með!

Leynardómar jafnvægislistanna

Leiðbeinandi:
Húlladúlla – Unnur María Máney



Sunnudaginn
15. mars
kl. 11

Húlladúllan býður börnum að spreyta sig á sirkuslistum. Þemað í þetta skipti eru leyndardómar jafnvægislistanna. Komdu og uppgötv-aðu hæfileika þína!

Krakkar á Norðurlóðum

Leiðbeinandi:
Hjalti Ómar Ágústsson



Sunnudaginn
29. mars
kl. 11

Hvað einkennir líf á Norðurlóðum? Hvað þýðir það að búa á Norðurlóðum? Erum við bara að tala um ísbirni, norðurljós og inúíta eða er þar eitthvað fleira? Geta krakkar búið þar? Barnamorgunn í tilefni af Vísindavöku Norðurlóða- ráðstefnu ASSW sem fram fer í Háskólanum á Akureyri 27. mars – 2. apríl.

LEIKLISTARSKÓLI LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

Leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar býður alla krakka velkomna í faglegan og skemmtilegan leiklistarskóla fyrir börn og unglunga í 2.-10. bekk grunnskóla.

Í skólanum læra börnin öll helstu undirstöðuatriði leiklistar en fyrst og fremst miðar námið að því að nemendur byggji upp sjálfstraust, hugrekki, aga og tækni, allt með gleðina í fyrirrúmi. Í vetur verða hóparnir ekki stærri en 8 börn til að mæta þörfum nemenda betur.

Allir kennarar skólans eru með háskólamenntun í leiklist og reynslu af kennslu. Skráning á www.mak.is. Nánari upplýsingar á lla@mak.is

Kennarar:

Jenný Lára Arnórsdóttir
Jónína Björt Gunnarsdóttir
Sesselía Ólafsdóttir
Vala Fannell

Skólastjóri:

Jenný Lára Arnórsdóttir




GESTAGANGUR Í HOFI

Hér má sjá hluta af því listafólki sem heim-sækir Menningarhúsið Hof í vetur.

Nánari upplýsingar um gestakomur á mak.is

Velkomin





STYRKÆGAR ÁRSINS

2019–2020

OG VIÐBURÐIR ÞEIRRA Í
MENNINGARHÚSINU HOFI



Gospelraddir Akureyrar

Gospelraddir Akureyrar

1. september

kl. 20:00

Marína Ósk – Athvarf

Marína Ósk Þórolfsdóttir

25. október

kl. 20:00

Gustur um golugengi

Elvý G. Hreinsdóttir

17. nóvember

kl. 20:30

Það þarf alltaf að vera klassik

Jónína Björt Gunnarsdóttir, Silja
Garðarsdóttir og Daniel Þorsteinsson

9. febrúar

kl. 17:00

Norræn ljóð fyrir norðan

Íris Björk og Hjalti Þór

19. mars

kl. 20:00

Birkir Blær í black box

Birkir Blær Óðinsson

28. mars

kl. 20:30

Hver vill hugga krílið?

Guðmundur Óli Gunnarsson og fleiri

19. apríl

kl. 16:00

ALMA ljóðasöngstónleikar

Þóra Kristín Gunnarsdóttir

2. maí

kl. 16:00

Sönglög Jórunnar Viðar

Halla Ólöf Jónsdóttir

4. júní

kl. 20:00

Álfar og tröll

Þórhildur Örvarsdóttir

21. júní

kl. 17:00

Allar nánari upplýsingar um viðburðina,
miðasölu og VERÐANDI má finna á
heimasíðu Menningarfélags Akureyrar,
mak.is

Auglýst verður í byrjun árs 2020 eftir
umsóknum fyrir starfsárið 2020–2021.

10.–13. október

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega og nú í fimmta sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Menningarfélags Akureyrar, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Reykjavík Dance Festival og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni og eru sýnd í Menningarhúsinu Hofi, Samkomuhúsinu og viðsvegar um Akureyri.

Samhliða A! fer fram vídeolistahátíðin Heim auk viðburða utan dagskrár (off venue).

Þeir listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár eru:

Tales Frey
Haraldur Jónsson
Einkasafnið
Kaktus
Anna Richardsdóttir
Florence Lam
Ka Yee Li/Stephan Schmidt
Íris Stefanía og Hljómsveitin Eva
Rodney Dickson
Dustin Harvey
TRAKTOR - New Nordic Rituals -
Tine Louise Kortermann/María
Lilja Þrastardóttir
Nordting/The Northern Assembly
Ásdís Sif - vídeolistahátíðin Heim
o.fl.





ROKKHÁTÍÐ SAMTALSINS

6. & 7. SEPTEMBER 2019 Í HOFI



BROT ÚR DAGSKRÁ

FÖSTUDAGUR

- 10 - 17 UMRÆÐUR, SMÍÐJUR, FRÆÐSLA
- 12.00 SETNING LÝSU
- 15.30 SPEGLAR LISTIN SAMFÉLAGIÐ?


LAUGARDAGUR

- 10 - 12 SÖLVI TRYGGVA - STREITA
- 10 - 16 UMRÆÐUR, SMÍÐJUR, FRÆÐSLA
- 12 - 14 MYNDASÖGUSMÍÐJA MEÐ LÓU HJÁLMTÝS
- 16.00 UPPISTAND
- 16.30 SÓFASPJALL
- 17.00 UPPHITUN - AF FINGRUM FRAM
- 20.00 STEFÁN HILMARSSON OG JÓN ÓLAFSSON
- AF FINGRUM FRAM



KOMDU

OG TAKTU ÞÁTT Í SAMTALINU
ENGINN AÐGANGSEYRIR





væntanlegt

RÓMEÓ + JÚLÍA

SERGEI PROKOFIEV ERNA ÓMARSDÓTTIR HALLA ÓLAFSDÓTTIR

Danshöfundar og listrænar stjórnendur:

Erna Ómarsdóttir
Halla Ólafsdóttir

Tónlist:

Sergei Prokofiev

Leikmynd:

Chrisander Brun

Myndband:

Valdimar Jóhannsson

Búningar:

Sunneva Ása Weishappel

Hljómsveitarstjóri:

Anna-María Helsing

Stórbrotið dansverk í túlkun Íslenska dansflokksins og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem standa að baki sýningunni ásamt Listahátíð í Reykjavík og Þjóðleikhúsinu. Um er að ræða frumflutning verksins á Íslandi.

Rómeó + Júlía var upphaflega skapað í samstarfi við dansara Gärtnerplatz leikhússins í München og frumsýnt árið 2018 en er nú endurskapað í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Sigildur harmleikur Shakespeares er rækilega afbyggður og brotinn niður í fjölmargar frásagnir sem gerast samhliða svo úr verður veröld full af lostafullri þrá, líkamsvessum og logandi eldtungum, særingarmætti öskursins og heilandi ást – undir skæru og neonlituðu hjarta. Saman við renna ævintýrleg sviðsmynd og búningar, mögnuð vídeóverk og stórkostleg tónlist Sergeis Prokofievs svo úr verður sýning sem lætur engan ósnortinn.

Dansarar: Charmeng Pang, Elín Signý W. Ragnarsdóttir, Erna Gunnarsdóttir, Félix Urbina Alejandre, Halla Þórðardóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir, Shota Inoue, Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Una Björg Bjarnadóttir og Þyri Huld Árnadóttir

Samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

Sýningin fer ekki í sölu fyrr en vorið 2020. Sýningin verður ekki hluti af kortasölu.

**Samruni á samtímadansi, myndlist og klassísku tónverki
Sergeis Prokofievs.**

Miðaverð auglýst síðar

RÁÐSTEFNUR, FUNDIR, VIÐBURÐIR & VEISLUHÖLD

Fyrirmyndaraðstaða í húsakynnum Menningarfélags Akureyrar



Menningarhúsið Hof

Í Hofi eru glæsileg fundarherbergi og salir sem henta vel fyrir minni og stærri fundi, menningarviðburði, veislur, móttökur og ráðstefnur.



Samkomuhúsið

Í Samkomuhúsinu er hlýleg aðstaða fyrir fundi, móttökur og viðburði í einu elsta og virðulegasta húsi bæjarins.



Fundir



Veislur og móttökur



Ráðstefnur



Menningarviðburðir

Hefur þú áhuga á að leigja rými fyrir þinn viðburð?

Hafðu samband við okkur á mak@mak.is

Úrval veitinga í boði fyrir alla viðburði, fundi, ráðstefnur, veislur og móttökur í húsakynnum Menningarfélagsins.

STARFSFÓLK MENNINGARFÉLAGS AKUREYRAR

Anna Heba Hreiðarsdóttir

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Árni F. Sigurðsson

Einar Karl Valmundsson

Gunnar Sigurbjörnsson

Indiana Ása Hreinsdóttir

Jóhann Gunnar Kristjánsson

Kristin Sóley Björnsdóttir

Lárus Heiðar Sveinsson

Magnús Viðar Arnarsson

Marta Nordal

Ólafur Göran Ólafsson Gros

Ólafur Ingi Sigurðsson

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Þórhildur Gísladóttir

Þórunn Geirsdóttir

Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Miðasölu- og verkefnastjóri

Verkefnastjóri

Tæknimaður

Tæknimaður

Tæknistjóri / hljóðmaður

Markaðs- og kynningarstjóri

Verkefnastjóri rekstrarsviðs

Viðburðastjóri

Tæknistjóri / ljósamaður

Umsjónarmaður fasteigna

Leikhússtjóri

Tæknimaður

Tæknimaður

Tónlistarstjóri

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri skipulags og sýningarstjórnar

Framkvæmdastjóri

Menningarfélag Akureyrar

Menningarfélagið Hof,
Leikfélag Akureyrar og
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
mynda Menningarfélag Akureyrar.

Útgefandi: Menningarfélag Akureyrar

Ábyrgðarmaður: Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Ritstjóri: Indiana Ása Hreinsdóttir

Hönnun og umbrot: Cave Canem hönnunarstofa

Ljósmyndir: Auðunn Nielsson, Saga Sig og Marínó Flóvent

Prentun: Ásprent

Strandgata 12 | 600 Akureyri | Sími: 450 1000 | mak@mak.is | mak.is

Upplýsingar um verk og verð eru með fyrirvara um breytingar.

Geymið bæklinginn

